



Orkuveita Reykjavíkur - samstæða

Fjárhagsspá 2017 og langtímaspá 2018 - 2022

Samþykkt af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur 03.10.2016

EFNISYFIRLIT

Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur _____	2
Aðgerðaráætlun Orkuveitu Reykjavíkur _____	4
Forsendur og viðmið fjárhagsspár _____	5
Fjárhagsspá 2017 _____	7
Langtímaspá 2018-2022 _____	9
Útkomuspá 2016 og spá 2017-2022 _____	15

Fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2017 og langtímaspá fyrir árin 2018-2022 er samandregin fyrir móðurfélagið og dótturfélögin Veitur, OR Vatns- og fráveitu, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur. Fjárhagsspá hvers dótturfélags hlaut samþykki viðkomandi stjórnar áður en þessi samstæðuspá var samþykkt í stjórn OR. Helstu forsendur hennar eru eigendastefna OR, stefnu-mótun OR og dótturfélaga á ýmsum sviðum rekstursins, þjóðhagsspá, spár Reykjavíkurborgar og OR um þróun ýmissa áhrifapátta rekstursins og alþjóðlegar spár um þróun ytri þátta.

Við gerð þessarar fjárhagsspár fyrir samstæðu OR er haldið áfram á braut stefnumiðaðrar spágerðar (Beyond budgeting). Í aðferðinni felst að hefðbundin áætlanagerð er einfölduð, afkomuspár eru tíðari og áætlunum breytt til samræmis við þær. Aðferðin felur í sér aukna ábyrgð stjórnenda og annarra starfsmanna í fjármálum og daglegum rekstri enda styðjast þeir við skráða stefnu og skýr markmið. Fjárhagslegir lykilmælikvarðar og markmið eru sett fram með myndrænum hætti í spánni.

Planið sem OR hefur unnið eftir frá árinu 2011 rennur sitt skeið í árslok 2016. Spurt hefur verið hvað þá taki við. Einfalda svarið er, ekkert sérstakt. Sá agi og ráðdeild í rekstri sem Planinu fylgdi er orðinn stjórnendum og starfsfólki tamur og hluti þeirrar menningar sem byggð hefur upp innan samstæðunnar. Hér verður þó að fylgja að í þessari fjárhagsspá er gert ráð fyrir arðgreiðslum til eigenda OR og yrði það í fyrsta skipti frá árinu 2009. Áður en til þeirra kemur þarf að liggja fyrir að fjárhagur OR standist þau arðgreiðsluskilyrði sem eigendur OR samþykktu árið 2015 og álagspróf, sem á rekstrinum verður gert með tilliti til arðgreiðslna. Það er svo endanlega aðalfundar OR að ákveða hvort arður verður greiddur.

Rekstur Orkuveitusamstæðunnar er í traustum farvegi og gert er ráð fyrir minni háttar breytingum á tekjum og gjöldum í fyrirséðri framtíð. Fjárfestingar eru töluverðar. Endurnýjun mikilvægra stofnæða í veitukerfum heldur áfram. Þar má nefna meginhitaveituæðar höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands og endurnýjun mikilvægra burðarvirkja í raforkudreifingu; aðveitustöðva og dreifistöðva. Uppbyggingu nýrra fráveitukerfa á Vesturlandi verður að mestu lokið fyrir árslok 2016 og dregur þar með úr fjárfestingaþörf fráveitna. Stækkun nets Ljósleiðara til nágrennasveitafélaga Reykjavíkur verður haldið áfram á næstu árum og tengibúnaður heimila uppfærður þannig að öll heimili á svæðinu geti keypt 1.000 megabita flutningshraða af fjarskiptafyrirtækjunum.

Gufuöflun fyrir Hellisheiðarvirkjun er aðkallandi. Ljóst er að jarðhitasvæðin næst virkjuninni anna ekki fullum afköstum hennar. Gufulögnin frá háhitasvæðinu í Hverahlíð, sem tekin var í notkun í upphafi þessa árs, flytur nú gufu sem stendur undir 50 MW rafmagnsvinnslu í Hellisheiðarvirkjun. Meira þarf til og gerir áætlunin ráð fyrir ríflega 20 milljarða króna kostnaði við gufuöflun fyrir Hellisheiðarvirkjun á næstu 6 árum auk 5 milljarða króna vegna niðurdælingar á vinnsluvatni frá virkjuninni. Unnið er að gerð nákvæmra forðalíkana af Hengilsvæðinu.

Á næstu árum verður haldið áfram við að greiða niður skuldir OR. Gert er ráð fyrir að nettóskuldir OR lækki um þriðjung frá útkomuspá 2016 til ársloka 2022.

Fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur 2017 og fimm ára spá 2018-2022 fer til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg sem hluti af fjárhagsáætlunum samstæðu Reykjavíkurborgar.

Starfssvæði OR og dótturfélaga nær til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orka náttúrunnar á og rekur þrjár virkjanir; jarðgufuvirkjanirnar á Nesjavöllum og Hellisheiði og vatnsaflsvirkjun í Andakílsá í Borgarfirði. Jarðgufuvirkjanirnar, sem báðar eru á Hengilssvæðinu, eru margfalt aflmeiri en vatnsaflsvirkjunin.



VIRKJANIR

Uppsett raf afl virkjana er 120 MW á Nesjavöllum, 303 MW í Hellisheiðarvirkjun og Andakílsá er 9 MW. Viðskiptavinir eru dreifðir um allt land.

RAFMAGNSVEITA

Raforkudreifing okkar nær til liðlega helmings landsmanna í sex sveitarfélögum við Faxaflóa. Dreifikerfið tengist landsneti raforkuflutningsins á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Það er í tengivirkjunum við Korpu, á Geithálsi og Hnoðraholti. Þaðan er rafmagnið leitt í háspennustrengjum til 13 aðveitustöðva, víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.



HITAVEITA

Á höfuðborgarsvæðinu rekur OR og dótturfélög jarðhitaveitu auk smærri veitna á sunnan- og vestanverðu landinu sem þjóna yfir 70% landsmanna. Mest er framleiðsla heits vatns í virkjuninni á Nesjavöllum, 300 MWth, en á fjölda lághitasvæða eru samtals framleidd 600 MWth. Í Hellisheiðarvirkjun eru framleidd 133 MWth af heitu vatni.



VATNSVEITA

OR og dótturfélög reka 13 vatnsveitur á starfssvæði sínu auk þess að selja neysluvatn í heildsölu til tveggja sveitarfélagaveitna, samtals til um helmings þjóðarinnar.



FRÁVEITA

OR og dótturfélög eiga fráveitur í sex byggðarlögum og rekur dælustöðvar fyrir tvö sveitarfélög til viðbótar. OR og dótturfélög þjóna liðlega helmingi þjóðarinnar í fráveitumálum.

GAGNAVEITA

OR og dótturfélög hafa byggt upp verðmætt gagnaflutningskerfi, sem heimili og fyrirtæki á suðvesturhorninu hafa notið góðs af.

STARFSEMI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

KORT AF VEITUSVÆÐI



AÐGERÐARÁÆTLUN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Árangur Plansins 2011-2016H1 er um 8,5 milljörðum króna betri en gert var ráð fyrir og eru allir þættir *Plansins* á áætlun, nema eignasala.

PLANID

Planið - Ma.kr	Planið		Raun
	2011-2016	2011-2016H1	2011-2016H1
Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	15,0	13,4	16,2
Eignasala	10,0	10,0	9,0
Lækkun rekstrarkostnaðar	5,0	4,5	6,7
Lækkun annarra fjárfestinga	1,3	1,1	1,7
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu	0,0	0,5	1,7
Samtals - Innri aðgerðir	31,3	29,5	35,3
Víkjandi lán frá eigendum	12,0	12,0	12,0
Auknar tekjur vegna leiðréttingar gjaldskrár	8,0	7,2	9,9
Samtals - Ytri aðgerðir	20,0	19,2	21,9
Samtals aðgerðaráætlun	51,3	48,7	57,2

FORSENDUR OG VIÐMIÐ FJÁRHAGSSPÁR

FORSENDUR

Forsendur fjárhagsspár 2017 - 2022 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í maí 2016 sem og spám frá Seðlabanka Íslands, Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá LME (London Metal Exchange). Við áætlun vaxta var miðað við fóligna framvirka vexti eftir myntum og vaxtakjörum einstakra samninga.

FORSENDUR

Lýsing	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Vísitala neysliverðs, breyting (%)	2,2	3,9	3,5	2,8	2,6	2,5	2,5
Byggingarvísitala des-des, breyting (%)	2,8	3,5	3,9	3,2	2,7	2,4	2,3
Launavísitala, breyting (%)	11,1	6,3	5,8	5,3	4,5	4,3	3,5
Gengisvísitala í árslok (stig)	180	180	180	180	180	180	180
Álverð, meðalverð ársins (\$)	1.598	1.675	1.714	1.727	1.760	1.808	1.908

FORGANGSRÖÐUN OG MAT Á FJÁRFESTINGUM

Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar við mat á forgangsröðun fjárfestinga. Þau verkefni sem tilgreind eru á fjárfestingaráætlun hafa verið lengi til umfjöllunar og hlotið forgangsröðun áður en þau eru lögð fram. Áður en endanleg ákvörðun um verkefni er tekin er unnin frekari undirbúningsvinna og ítarlegt áhættumat framkvæmt. Þegar nánari undirbúningsvinnu sérhvers verkefnis er lokið fer það í samþykktarferli innan hvers félags og síðar stjórnar og eiganda, ef við á, eftir skilgreindu verklagi. Stuðst er við hlutlæga greiningu m.a. á eftirfarandi þáttum:

- Aukin notkun eða eftirspurn
- Bilanasaga
- Aldur
- Efni
- Ástandsgreining
- Öryggi starfsmanna og viðskiptavina
- Afhendingaröryggi

FJÁRHAGSLEG VIÐMIÐ OG MÆLIKVARÐAR

Í samræmi við eigendastefnu og aðgerðaráætlun eigenda er markvisst stefnt að heilbrigðari fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að bæta markvisst lykiltölur í rekstri s.s. veltufjárhlutfall, eiginfjárhlutfall, skuldaþekju o.fl. Áætlunin byggir á ákveðnum lykilmælikvörðum í anda eigendastefnu og stefnumiðaðrar áætlunargerðar (beyond budgeting). Í neðangreindri töflu má sjá lykiltölur eins og þær voru í árslok 2015 og áætlaðar nú:

Lýsing	Raun 2015	Útkomuspá 2016	Spá 2017
EBITDA/Rekstrartekjur	62,4%	60,9%	60,8%
Eiginfjárhlutfall	36,9%	39,2%	42,2%
Veltufjárhlutfall	0,8	1,1	1,1
(Vaxtaberandi skuldir - handbært fé) /EBITDA	6,4	5,5	5,4
FFO vaxtaþekja	5,5	5,3	4,2
FCF/Nettó skuldir	7,0%	5,4%	3,5%
RCF/Nettó skuldir	13,7%	15,3%	14,2%
ROCE	4,8%	4,8%	4,9%

Á eigendafundi OR í nóvember 2015 voru samþykkt arðgreiðsluskilyrði fyrirtækisins. Samþykkt var til laga stjórnar OR um að greiða eigendum sínum ekki arð nema að fjárhagsstaða fyrirtækisins uppfylli tiltekin skilyrði. Skilyrðin eru þessi:

	2016-2018	2019-
1. Veltufjárhlutfall	>1,0	>1,0
2. Eiginfjárhlutfall	>35%	>40%
3. FFO vaxtaþekja	>3,5	>3,5
4. RCF / nettó skuldir	>11%	>13%
5. FFO / nettó skuldir	>13%	>17%
6. Hlutfall arðs af hagnaði hvers árs	≤50%	≤50%

Skilgreiningar:

FFO = Veltufé frá rekstri (e. funds from operation)

FCF = Heildarsjóðstreymi (e. free cash flow)

Nettó skuldir = Vaxtaberandi skuldir – handbært fé

EBITDA = Rekstarhagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir

FFO Vaxtaþekja = mælir getu fyrirtækis til að standa við vaxtagreiðslur af skuldbindingum sínum

RCF = Veltufé frá rekstri - arðgreiðslur

Gert er ráð fyrir að hagnaður ársins 2017 verði 8.983 m.kr. samanborið við 10.216 m.kr. samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2016, þetta er lækkun upp á 1.232 m.kr. Eiginfjárlutfall er áætlað 42,2% m.kr. í árslok 2017 samanborið við 39,2% árið 2016.

REKSTRARREIKNINGUR

Tekjur

Rekstrartekjur eru áætlaðar 41.422 m.kr. en eru 41.228 m.kr. í útkomuspá ársins 2016, sem er 0,5% hækkun.

Gjöld

Rekstrarkostnaður án afskrifta er áætlaður 16.228 m.kr. samanborið við 16.101 m.kr. í útkomuspá árið 2016 sem er 0,8% hækkun.

EBITDA er áætluð 25.194 m.kr. árið 2017 en útkomuspáin gerir ráð fyrir 25.127 m.kr. árið 2016.

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

Gert er ráð fyrir að heildareignir nemi 308.274 m. kr. í árslok 2017 samanborið við 308.938 m.kr í árslok 2016 sem er 0,2% hækkun milli ára.

Eigið fé og skuldir

Gert er ráð fyrir að eigið fé nemi 130.182 m.kr. árslok 2017 samanborið við 121.199 m.kr. í árslok 2016. Þá er gert ráð fyrir að heildarskuldir lækki úr 187.740 m.kr. í 178.091 m.kr. í árslok 2017 sem er lækkun um 5,1% milli ára.

SJÓÐSTREYMI

Handbært fé frá rekstri

Handbært fé frá rekstri er áætlað 20.972 m.kr. árið 2017 samanborið við 21.876 m.kr. árið 2016.

Fjárfestingahreyfingar

Fjárfesting ársins í varanlegum rekstrarfjármunum er áætluð 14.318 m.kr. árið 2017 samanborið við 13.231 m.kr. árið 2016.

Á árinu 2016 og 2018 er gert ráð fyrir uppgjöri á skuldabréfaeign sem tengd er álverði að ákveðnu marki, 4.280 m.kr hvort árið.

Helstu fjárfestingar ársins 2017 eru vegna gufuöflunar og umhverfismála hjá Orku náttúrunnar. Í veitukerfum eru helstu fjárfestingar endurnýjun stofnæða í hita-, vatns- og fráveitu ásamt uppbyggingu og endurnýjun dreifi- og aðveitustöðva í rafmagni.

Fjármögnunarhreyfingar


Afborganir skulda eru áætlaðar 19.696 m.kr. króna og lántökur eru áætlaðar 9.875 m.kr.

Handbært fé í lok árs 2017 er áætlað 14.682 m.kr. samanborið við 17.850 m.kr. árið 2016.

REKSTRARREIKNINGUR

Tekjur

Áætlað er að rekstrartekjur hækki um 9.651 m.kr. frá 2018 til 2022 eða sem nemur 21,5%. Tekjur vegna raforkusölu á almennum markaði hækka um 3.307 m.kr. eða 24,8% og tekjur vegna heitavatnsölu hækka um 2.287 m.kr. eða 19,9%. Tekjur vegna heildsölu rafmagns hækka um 1.169 m.kr. eða 17,1%



Mynd 1 - upphæðir í milljörðum króna


Gjöld

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður án afskrifta aukist frá 2018 til 2022 um 3.130 m.kr. eða 18,1%. Orkukaup og flutningur hækka um 1.609 m.kr. eða 24,3%. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður hækkar um 1.522 m.kr. eða 14,3%. Aukinn rekstrarkostnað má að mestu rekja til verðlagsbreytinga.

EBITDA hækkar úr 25.194 m.kr. árið 2017 í 34.126m.kr. árið 2022 eða sem nemur 23,6%.

Afkoma


Eins og sjá má á mynd 2 er gert ráð fyrir að afkoman batni á tímabilinu og er gert ráð fyrir að hún verði jákvæð um 16.698 m.kr. árið 2022. Hafa ber í huga að óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölusamninga geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins.



Mynd 2 - upphæðir í milljörðum króna

EFNAHAGSREIKNINGUR


Heildareignir í fjárhagsspá hækka á tímabilinu 2018 til 2022 um 11.688 m.kr. eða 3,7% og verða um 326.006 m.kr. árið 2022. Eiginfjárlutfall styrkist jafnt og þétt á tímabilinu 2018-2022, þ.e. frá því að vera 43,9% í árslok 2018 í 57,3% í árslok 2022.



Mynd 3 - upphæðir í milljörðum króna

LANGTÍMASPÁ 2018-2022

Eigið fé í árslok 2022 er áætlað 186.816 m.kr. og eykst um 48.674 m.kr. frá árslokum 2018. Þá er gert ráð fyrir því að heildarskuldir lækki á tímabilinu 2018 til 2022 úr 176.176 m.kr. í 139.190 m.kr. eða um -21,0%.



Mynd 4 – upphæðir í milljörðum króna

Fjárfestingargreyingar

Á árunum 2018 til 2022 eru fjárfestingar áætlaðar 71.385 m.kr.

Fjárfesting í veitukerfum er áætluð 38.767 m.kr. og eru helstu fjárfestingaverkefnið endurnýjun stofnæða í hitaveitu, endurnýjun aðveitu- og dreifistöðva í rafmagni og samstarfsverkefni með sveitarfélögum á starfssvæði veitnanna.

Fjárfesting í virkjunum er áætluð 29.264 m.kr. og eru helstu fjárfestingaverkefnið tengd gufuöflun og umhverfismálum.


Fjárfestingar

Hér getur að líta sundurliðun fjárfestingargreyinga í varanlegum rekstrarfjármunum í milljónum króna.

FJÁRFESTINGAR

LÝSING	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Virkjanir	3.211	4.406	7.210	5.575	6.482	3.837	6.160
Veitukerfi	9.099	8.701	8.496	7.713	7.598	7.200	7.761
Önnur fjárfesting	920	1.211	798	640	697	599	620
Fjárfestingar alls	13.231	14.318	16.504	13.928	14.776	11.636	14.541

LANGTÍMASPÁ 2018-2022



Mynd 5 – upphæðir í milljörðum króna

HELSTU FJÁRFESTINGAR 2018-2022

Virkjanir	29.244
Heitt vatn	14.785
Rafmagn	8.743
Kalt vatn	4.744
Fráveita	6.498
Gagnaveita	3.937
Upplýsingarkerfi	1.558
Annað	1.876


Fjármögnunarahreyfingar

Afborganir skulda eru áætlaðar á milli 14.706 – 17.957 m.kr. króna á árunum 2018 - 2022, samtals um 78.487 m.kr.

Lántökur eru áætlaðar 27.375 m.kr. á tímabilinu eða sem nemur um 38,3% af fjárfestingu og 35,4% af afborgunum skulda.

Arðgreiðslur til eigenda eru áætlaðar 5.000 m.kr. á tímabilinu


Handbært fé í lok tímabilsins fer úr 18.614 m.kr. árið 2018 í 19.465 m.kr. árið 2022.



Mynd 6 - upphæðir í milljörðum króna

FJÁRHAGSLEGIR LYKILMÆLIKVARÐAR

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR – 5 ÁRA ÁÆTLUN



Mynd 7 - Fjárhagsleg viðmið og mælikvarðar áætlunar

ÚTKOMUSPÁ 2016 OG SPÁ 2017-2022

Rekstrarreikningur	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Rekstrartekjur	40.356.862	41.228.317	41.421.724	44.860.646	47.768.260	50.123.131	52.240.944	54.511.480
Orkukaup	(2.970.336)	(2.756.046)	(2.736.192)	(3.057.527)	(3.426.087)	(3.836.715)	(3.993.897)	(4.168.964)
Flutningur	(3.429.857)	(3.439.976)	(3.405.468)	(3.557.351)	(3.686.835)	(3.821.145)	(3.915.540)	(4.054.599)
Laun og launatengd gjöld	(4.934.147)	(6.047.209)	(6.492.416)	(6.885.252)	(7.310.272)	(7.636.191)	(7.974.041)	(8.261.835)
Annar rekstrarkostnaður	(3.848.337)	(3.858.055)	(3.593.849)	(3.754.990)	(3.777.301)	(3.746.183)	(3.937.620)	(3.900.142)
Rekstrargjöld	(15.182.677)	(16.101.285)	(16.227.925)	(17.255.120)	(18.200.496)	(19.040.234)	(19.821.098)	(20.385.540)
Rekstrarhagnaður EBITDA	25.174.185	25.127.032	25.193.799	27.605.526	29.567.764	31.082.897	32.419.845	34.125.939
Afskriftir	(10.746.623)	(10.729.542)	(10.629.810)	(10.621.642)	(10.954.945)	(11.261.975)	(11.520.648)	(11.776.109)
Rekstrarhagnaður EBIT	14.427.562	14.397.490	14.563.989	16.983.883	18.612.819	19.820.922	20.899.197	22.349.830
Vaxtatekjur	510.774	506.164	692.080	695.112	700.690	782.719	784.473	786.367
Vaxtagjöld	(4.582.634)	(4.802.569)	(5.890.184)	(6.004.890)	(5.978.228)	(5.917.571)	(5.840.151)	(5.281.060)
Tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	(6.767.369)	3.042.887	2.045.746	(1.946.994)	(116.011)	742.128	890.022	1.143.693
Fjármagnsliðir	(10.839.229)	(1.253.518)	(3.152.358)	(7.256.772)	(5.393.549)	(4.392.724)	(4.165.656)	(3.351.001)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	3.588.333	13.143.971	11.411.631	9.727.111	13.219.270	15.428.198	16.733.542	18.998.829
Tekjuskattur	587.267	(2.928.447)	(2.428.275)	(1.267.537)	(1.902.475)	(2.038.980)	(2.382.533)	(2.231.732)
Hagnaður ársins	4.175.600	10.215.524	8.983.356	8.459.574	11.316.795	13.389.218	14.351.009	16.767.097

ÚTKOMUSPÁ 2016 OG SPÁ 2017-2022

Efnahagsreikningur	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Eignir								
Fastafjármunir	288.550.181	280.889.512	283.402.828	289.567.057	292.488.961	295.972.993	296.195.265	299.374.457
Veltufjármunir	22.439.334	28.048.951	24.870.803	24.750.335	24.939.328	24.432.905	25.083.403	26.631.348
Eignir samtals	310.989.515	308.938.463	308.273.631	314.317.392	317.428.289	320.405.898	321.278.668	326.005.805
Eigið fé	114.771.183	121.198.938	130.182.294	138.141.866	148.858.660	160.697.879	172.798.887	186.815.984
Skuldir								
Langtímaskuldir	167.924.732	161.441.681	153.267.642	152.522.016	143.281.219	134.400.990	123.344.872	111.543.006
Skammtímaskuldir	28.293.600	26.297.845	24.823.697	23.653.510	25.288.409	25.307.029	25.134.909	27.646.815
Skuldir samtals	196.218.332	187.739.526	178.091.339	176.175.526	168.569.628	159.708.019	148.479.781	139.189.821
Eigið fé og skuldir samtals	310.989.515	308.938.464	308.273.633	314.317.392	317.428.288	320.405.898	321.278.668	326.005.805

ÚTKOMUSPÁ 2016 OG SPÁ 2017-2022

Sjóðstreymi	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	25.151.895	25.189.238	25.232.396	27.646.361	29.610.764	31.127.832	32.466.712	34.174.447
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	97.271	703.094	105.349	(46.947)	(39.287)	(152.000)	(147.460)	(229.641)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	25.249.166	25.892.333	25.337.746	27.599.414	29.571.477	30.975.832	32.319.252	33.944.806
Innborgaðar vaxtatekjur	676.516	506.164	692.080	695.112	700.690	782.719	784.473	786.367
Greidd vaxtagjöld ISK	(3.947.737)	(4.146.299)	(4.070.704)	(4.282.107)	(4.447.662)	(4.446.565)	(4.371.798)	(3.854.108)
Greiddur tekjuskattur	0	0	(33.775)	(334.210)	(1.222.982)	(1.901.477)	(2.001.816)	(2.152.944)
Greiddslur annarra fjármagnsliða	(162.962)	(376.517)	(953.645)	(940.978)	(188.009)	(16.772)	0	0
Handbært fé frá rekstri	21.814.983	21.875.680	20.971.702	22.737.232	24.413.515	25.393.738	26.730.111	28.724.120
Fjárfestingarhreyfingar								
Orkuver		(3.211.169)	(4.405.690)	(7.210.288)	(5.575.367)	(6.481.918)	(3.837.162)	(6.159.584)
Dreifikerfi		(9.099.231)	(8.701.267)	(8.495.534)	(7.712.627)	(7.597.859)	(7.199.920)	(7.760.954)
Önnur fjárfesting		(920.466)	(1.210.712)	(797.762)	(639.711)	(696.713)	(599.350)	(620.086)
Fjárfestingar rekstrarfjármuna samtals	(10.166.586)	(13.230.866)	(14.317.669)	(16.503.584)	(13.927.705)	(14.776.489)	(11.636.432)	(14.540.624)
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	1.506.958	6.188.431	0	4.280.156	0	0	0	0
Fjárfestingahreyfingar alls	(8.659.628)	(7.042.435)	(14.317.669)	(12.223.428)	(13.927.705)	(14.776.489)	(11.636.432)	(14.540.624)
Fjármögnunarhreyfingar								
Tekin ný langtímalán	0	12.878.000	9.875.000	11.875.000	5.000.000	5.000.000	2.000.000	3.500.000
Afborganir lána	(16.583.987)	(15.112.616)	(19.696.453)	(17.956.605)	(15.019.034)	(15.584.582)	(15.220.040)	(14.706.550)
Greiddur arður	0	0	0	(500.000)	(500.000)	(750.000)	(1.500.000)	(1.750.000)
Fjármögnunarhreyfingar alls	(16.583.987)	(2.234.616)	(9.821.453)	(6.581.605)	(10.519.034)	(11.334.582)	(14.720.040)	(12.956.550)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(3.428.632)	12.598.629	(3.167.419)	3.932.199	(33.224)	(717.334)	373.639	1.226.946
Handbært fé í ársbyrjun	8.817.887	5.264.104	17.849.701	14.682.282	18.614.481	18.581.257	17.863.923	18.237.562
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(125.151)	(13.032)	0	0	0	0	0	0
Handbært fé í lok tímabilsins	5.264.104	17.849.701	14.682.282	18.614.481	18.581.257	17.863.923	18.237.562	19.464.508